




# Háteigur



13. árgangur 6. tbl.

29. maí 2009

## TÖKUM SUMRINU FAGNANDI

<http://hateigsskoli.is>

### Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Þetta hefur verið viðburðarríkt skólaár sem nú er senn að ljúka. Skólinn hélt upp á 40 ára afmæli sitt með samstilltu átaki allra sem að skólastarfinu koma og vil ég enn og aftur þakka þeim sem lögðu hönd á plóg til að gera afmælisdaginn jafn ánægjulegan og raun varð á.

Við höfum verið skoðuð og rannsökuð í bak og fyrir. Í haust var sjálfsmatskerfið okkar athugað og í ljós kom að við fengum fullt hús stiga þannig að það taldist fullnægjandi. Enn þarf hins vegar að bæta og þróa það kerfi. Menntasvið hefur óskað eftir því að við og raunar allir grunnskólar í Reykjavík taki upp rafrænt sjálfsmatskerfi og munum við skoða það. Fyrirfram er ég þeirrar skoðunar að sjálfsmatskerfi þurfi að þróa í samræmi við það starf sem unnið er í skólanum, starfsmennina, foreldra og nemendur. Því er ég fyrirfram ekki sannfærður um að utanaðkomandi kerfi þjóni tilgangi skólans nema hægt sé að sveigja það að þörfum og sérkennum skólans. Mér finnst hins vegar mikilvægt að skoða þetta nýja kerfi með jákvæðum huga. Nú á vordögum hefur farið fram svokallað heildarmat á skólanum og eigum við von á niðurstöðum fljótlega. Heildarmatið metur gæði skólans og erum við fimmtándi skólinn sem er metinn með þessum hætti í Reykjavík. Við vonumst eftir góðri niðurstöðu um það sem við gerum vel en jafnframt gagnrýni á það sem betur má fara til þess að við getum gert enn betur.

Kennarar hafa lagt mikla vinnu í að lesa og endurskoða starfsmannahandbókina með sérstöku tilliti til þeirra texta sem marka hugmyndafræði okkar. Þannig má segja að við stöndum aðeins upp, dustum af okkur rykið í tilefni af afmælisárinu og lítum fram á veginn til að sjá hvort að við erum ekki á réttri leið. Það var því kærkomið að athugunin á sjálfsmatinu og heildarmatið skyldu einmitt lenda á þessu skólaári og ég trúir að það verði skólanum til gæfu.

Nú er í bígerð tilraun með að ná til foreldra með netpóstkönnun til að meta nokkra þætti skólastarfsins áður en við förum inn í sumarið. Foreldrar munu fá þessa könnun í byrjun júní og hún verður væntanleg opin í um eina viku. Ég vil biðja alla foreldra sem fá póstinn að svara könnuninni því að allar upplýsingar um viðhorf og tilfinningu foreldra fyrir starfinu skiptir okkur máli í því verkefni að gera góðan skóla betri.

Að lokum vil ég hvetja fólk til að taka sumrinu fagnandi eftir þennan vetur sem er sögulegur bæði fyrir þjóðina og heiminn.

Ég óska öllum gleðilegs og endurnærandi sumars með þökk fyrir samstarfið.

Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri

### Skipulag síðustu daga

Á blaðsíðu 3 í Háteigi er skipulag síðustu daga ásamt skólaslitum sett upp í töflu. Mikilvægt er að nemendur mæti tímanlega þessa daga eins og aðra og séu klæddir til útiveru.

### Minnisatriði við lok skóla.

- Skila þarf öllum bókasafnsbókum strax.
- Nemendur eiga að skila öllum endurnýtanlegum námsbókum. Foreldrar eru beðnir um að leita sérstaklega vel að bókum, bæði gömlum og nýjum.
- Skila þarf skápalyklum sem allra fyrst eða fyrir 10. júní.
- Í óskilum er hjá okkur ýmis fót, skór, ípróttadót og fleira. Það sem verður ekki sótt fyrir 12. júní verður gefið Rauða krossinum.

### Sumarið 2008

17. júlí fór ég í flug til Egilsstaða kl. 8 um morgun með Júlíu frænku minni. Jóhann frændi minn kom að sækja mig og við keyrðum við Neskaupstaðar og hann bauð mér pulsu og kók. Þegar ég kom svo til Neskaupstaðar fór ég til Siggú Möggu, Stebba, Guðjóns Bergs og Hlyns Fannars. Ég fór að leika við Guðjón og Hlyn og svo kom Jóhanna Lind í fótbolta með mér og Guðjóni. Svo átti Hlynur afmæli og ég gaf honum mynda af hesti og 1000 kr. Þetta var bara fín ferð.

Emma Jóhanna Vaz da Silva, 6. bekk

### Allt sem er gaman

Allt sem er gaman gerir maður saman.

Er það ekki rétt?

Líka svolítið létt.

Finnst þér gaman að leika trúða,

en baka snúða?

Nú er ljóðið búið

en dálítið snúið.

Steinunn Halla Halldórsdóttir, 4. bekk

Myndina gerði Darri Sigþórsson í 6. bekk



## Lundasaga

Þetta er saga um lunda. Lundinn heitir Anna. Hún kunnir ekki að fljúga. Svo kom svanur að stríða Önnu. Anna varð leið og svo sagði svanurinn fyrirgefðu. Þá voru þau vinir.

Verónika Sigurðardóttir Teuffer, 1. bekk

## Kjarvalsstaðir

Það var mjög gaman á Kjarvalsstöðum. Við sáum fullt. Dyrabjöllur og ælukarlar og fullt af fötum. Allt var flott. Þarna var draugahús sem var bara svart og bara einn skjár og það var mjög hræðilegt. Við tókum myndir og það var gaman. Kjarvalsstaðir rokka! Þórhildur Helga Eypórsdóttir, 6. bekk

## Húsdýraferð

Veðrið var gott og sólin skein á bláum himni. Við löbbaðum í húsdýragarðinn. Fyrst sáum við selina Svo sáum við refina, minka, hreindýr, 9 nýfædda grísi, naut, kýr, lömb og hesta. Síðast sáum við starfsmann gefa selunum síld. Við borðuðum hádegismat í fjölskyldugarðinum.

1. bekkur GBJ

## Draugasagan

Trimm, tramm, heyrðist í stiganum þegar Marta og Eva Lena hlupu niður í kjallara í hrollvekjandi húsinu á Austurvelli 5. „Flýttu þér, Eva, Áður en þeir finna okkur,“ öskraði Marta skjálfaði af hræðslu. „Já, ég geri það,“ sagði Eva Lena, jafnhreidd á móti. En þegar Eva Lena hafði lokið máli sínu hrasaði hún niður tröppurnar. Marta brast í grát þegar hún sá vinkonu sína liggjandi hreyfingarlaus á blautu og köldu gólfinu. „Þau fóru hingað,“ heyrðist uppi á lofti. „Þeir hafa elt okkur,“ hvíslaði Eva Lena. „Eva, er allt í lagi með þig?“ hvíslaði Marta. „Jú, en komdu, við verðum að komast út.“ Þær hlupu niður að aðaldyrnum. „Æ, nei, þær eru læstar. Við komumst aldrei út,“ sagði Marta. „Slakaðu nú á, við finnum leið. Þarna er reipi. Manstu eftir svölunum sem við hlupum framhjá áður en þú dast?“ „Já, en hvernig?“ sagði Marta. „Við getum notað reipið til að komast niður.“ „Jæja, við gerum það þá.“ Þær gerðu það og komust niður. Þær hlupu samt eins og fætur toguðu heim til Evu. „Úff, þetta gerum við aldrei aftur,“ sagði Marta. „Alveg sammála“, sagði Eva Lena.

Thea, Kristjana og Hildur í 5. bekk

## Í sumar

Í sumar fer ég til frænku minnar. Ég fer líka í sund með Söru frænku minni og leik við hana. Það er mjög skemmtilegt að leika við hana. Ég hlakka til í sumar. Ég ætla að vera úti með Karenu litlu systur minni og dansa með henni.

Anh Phuong thi Vu, 3. bekk

## Styrktarsjóður barna

Foreldri hefur stungið upp á því að stofnaður verði sérstakur sjóður til að styrkja þá sem eiga erfitt með að greiða fyrir skólamáltíðir barna sinna og þátttöku í félagsstarfi. Málið er í athugun.

## Kona, blóm og býfluga

Þetta er kona og hún talaði við blóm sem var lifandi blóm og svo kom býfluga og stakk konuna.

Anna Hedda Björnsd. Haaker, 1. bekk



## Helgin mín

Ég kom fyrr heim úr skólanum og ég fór strax heim til þess að kíkja á lilla bró. Þar sagði mamma mér að hún og Guðmar væru búin að panta prest. Við erum sko búin að velja nafn, það er mjög sérstakt og enginn annar heitir þessu nafni. Næsta dag komu systkini hans Guðmars í heimsókn. Hann á tvö systkini og bæði hann og systir hans eignuðust börn á þessu ári. Svo komu rosa fréttir: Bróðir hans og kærasta hans eru líka að fara að eignast barn! Svo fóru þau heim og mamma sagði mér að þegar bróðir minn verður skírður á ég að halda á honum og segja nafnið... Barri. Birta Birgisdóttir, 6. bekk

## Barn

### Fyrri hluti

Þú elsku litla telpan mín sem spriklar þarna niðri. Svo sem besta lín og sæta þín elsku stelpan mín.

### Seinni hluti

Eftir góð tvö ár, lítil tár, þú loks ert orðin stór, elsku litla dóttir mín, sofðu vel, sofðu vel.

Þórhildur Bryndís Guðmundsdóttir, 4. bekk

## Heilaritsmælingar

Í vetur hefur farið fram rannsókn í Háteigsskóla sem felst í því að taka heilarit af börnum. Rannsóknin er samstarfsverkefni þróunarfyrirtækisins Mentis Cura og Barna- og unglingadeildar LSH og eru heilarit barnanna í Háteigsskóla notuð sem viðmið. Tilgangur mælinganna er þróun nýrrar lífeðlisfræðilegrar tækni til greiningar á ofvirkni með athyglisbrestri og skyldum röskunum.

Nú þegar höfum við tekið heilarit af um 150 börnum í 1. til 8. bekk og hafa kennarar og foreldrar verið sérstaklega liðlegir. Í haust þegar unnið hefur verið úr fyrstu niðurstöðum munum við kynna þær í Háteigsskóla og bjóðum alla áhugasama velkomna. Næsta vetur verður mælingum haldið áfram á börnum þeirra þekktu sem ekki enn hefur verið boðin þátttaka.


Við þökkum starfsfólki, foreldrum og börnum Háteigsskóla einstaklega gott og vinalagt samstarf í vetur.

Halla Helgadóttir, sálfræðingur og Ásdís Emilsdóttir, hjúkrunarfræðingur

## Víkingaskipið

Þetta er víkingaskip og það villtist í kaldasta helli í heimi.

Tómas Vilhelm Hafliðason, 1. bekk



## Andvaka kóngsdóttir

Við í 6. EVÓ erum að æfa leikrit sem heitir Andvaka kóngsdóttir og verður það sýnt 26. maí. Leikritið er um prinsessu sem getur ekki sofið. Kóngur (pabbi prinsessu) og drottning (mamma prinsessu) kalla á alla lækna í heiminum svo prinsessan sofni.

Ásgeir Huy Vinh Yu, 6. bekk

## Fleiri sögur á nýju heimasíðunni

Ritstjóra Háteigs barst talsvert fleiri sögur en hægt er að birta í Háteigi. Þær sögur, ásamt þeim sem eru hér, verða birtar á nýju heimasíðu skólans sem leit dagsins ljós í byrjun maímánaðar.

## Hernám Íslands

Í niunda bekk hafa nemendur verið að vinna verkefni sem heitir hernám Íslands. Nemendur búa til sínar eigin bækur með ýmsum verkefnum. M.a. eiga þeir að ímynda sér að þeir séu unglingar á hernámsárunum og halda dagbók. Ennfremur að finna einhvern sem man eftir hernáminu og taka viðtal við hann. Hér á eftir er dagbókabrot eftir Valgerði Björnsdóttur og viðtal sem Sara og Þórey í 9. JPF tóku við Þórdísi Sigurlaugu Friðriksdóttur.

25. maí 1940 fimmtudagur

Kæra dagbók.

Það hefur verið mikið að gera síðustu daga og ég hef ekki getað skrifaði í dagbókina. Í fyrsta lagi fór Kristrún á stefnumót með hermanningnum á þriðjudag fyrir viku. Hún kom til mín daginn eftir og sagðist vera ástfangin! Ég er mjög öfundsjúk. Ég viðurkenni það. Við Klara fórum á ball í nýjum bragga á Snorrabrautinni. Það leið nú ekki á löngu þar til Klara hafði fundið Davíð, hermanninginn „sinn“. Ég sat þá ein í smá stund, en svo hitti ég Guðrúnu vinkonu mína úr grunnskóla. Hún sagði að Jón Guðmundsson hafi lent í slag við einhvern hermanninginn því hann var víst að daðra við kærustuna hans. Það sást ekkert á hermanningnum eftir á, en Jón var allur blóðugur og bólgin. Hún sagði svo að litla systir Dísu, sem er 14 ára hefði eitthvað slegið sér upp með hermönnum. Fólk er byrjað að segja að þetta sé að verða vandamál, en því trúi ég nú reyndar ekki. Það langmerkilegasta sem gerst hefur á undanförunum 9 dögum er að í gær það Harry Kristínar! Hún er svo hamingjusöm! Ég samgledst henni auðvitað mjög, en mér mun ekki lítast á blikuna ef dátinn ætlar að reyna að fá hana til Englands með sér. Ég hitti William, hermanninginn af dansleiknum á Borginni, aftur í fyrradag þar sem ég sat á Austurvelli. Hann hljóp til mín og heilsaði og við gengum um miðbæinn og töluðum um heima og geima. Áður en ég vissi af var klukkan orðin eitt eftir miðnætti og við vorum stödd fyrir utan íbúðina hans. Hann bauð mér að gista og ég þáði það. Sigríður

Viðtal Þórdís var aðeins sjö ára gömul þegar herinn hernam Sauðárkrók. Þeir komu á stórum og miklum truckum og allir voru þeir vopnaðir. Þeir tóku skólann hennar þannig að skólabörnin gengu aðeins einn vetur í skóla en skólann notuðu hermennirnir sem gististað og tóku þeir líka yfir skemmtistaði bæjarins. Það var alltaf mikill yfirgangur í hernum og girtu þeir seinna bæinn með gadda-

vír þannig að það var hálfómögulegt að komast úr bænum án þess að fara í gegnum hlið sem þeir settu einnig upp. Öllum bæjarbúum var skipað að halda sig inni eftir klukkan sjö á kvöldin og ekkert ljós mátti sjást og þurftu allir að hylja glugga sína með teppum og lökum. Útivistarbannið var strangt en ef einhver fór í fjöruna sem liggur við Sauðárkrók, þá var skotið á manneskjuna. Það gerðist einu sinni en skotið hitti manninn ekki, en það var bara gert til þess að sýna að ef menn færu í fjöruna að þá yrðu þeir skotnir niður. Hverju húsi var sent ákveðið magn af mat í pakka á viku og það var oft ekki alveg nóg fyrir alla fjölskyldumeðlimi. Börnin voru mjög hrædd og eins og Þórdís sagði frá sjálf þá var hún alltaf hrædd, allan daginn og sagði að þetta sitji í minninu eins og það hefði gerst í gær. Einn daginn var sprengd sprengja uppi í fjalli en hún sprakk í loftinu. Það sem var eftir af sprengjunni var einhvers konar járn og var það oft notað í leikrit seinna en þá var slegið í járn með spýtu og hljómaði það alveg eins og kirkjubjöllur. Sauðárkrókur var allur út í skotgröfum. Hermennirnir æfðu sig fyrir utan húsið hennar Þórdísar um það bil þrisvar á dag, en þá skutu þeir af byssum sínum og æfðu sig mikið til þess að koma sér í gott form og höfðu mikil læti. Faðir Þórdísar fékk seinna vinnu sem túlkur fyrir Bretana og urðu hún og hennar fjölskylda ríkari og gátu fengið meiri mat og átta meiri peninga. Þórdís eyddi samt sem áður miklum tíma á Akureyri en þar var ekki jafn mikið um hermenn og sprengingar. Það var samt sem áður einstaka loftárásir og þurfti hún að flýja í byrgi. Tveimur árum seinna komu Amerikanar til Sauðárkróks og þá bættist ástandið örlítið en þeir tóku hinsvegar allt sem skólarengirnir höfðu búið til í smíðatíma og brenndu það til þess að halda á sér hita inni í skólanum. Ungu stúlkurnar í bænum voru margar í „ástandinu“ en það þýðir að þær hafi verið í nánum tengslum við hermennina. Þórdís segir að þetta hafi verið í einu orði sagt hræðilegt. Ofboðslega strangar reglur giltu og ef maður fór ekki eftir þeim var maður nánast í lífshættu. Samt sem áður voru kostir og gallar við þetta, en faðir hennar fékk vinnu og hentaði það vel fyrir hana og fjölskyldu hennar.



Spakmæli mánaðarins:



Brosið er sveigja sem réttir allt við.

S K I P U L A G S Í Ð U S T U D A G A S K Ó L A Á R S I N S :					
	Fimmtudagur 4. júní	Föstudagur 5. júní	Mánudagur 8. júní	Þriðjudagur 9. júní	Miðvikudagur 10. júní
1. bekkur	Skóladagur	Skemmtun + ratleikur kl. 8:30 – 13:10	Útivist á Klambratúni kl. 10:10 – 13:10	Starfsdagur	Skólaslit kl. 14:00
2. bekkur	Skóladagur	Ferð innanbæjar kl. 10:00 – 13:10	Útivist á Klambratúni kl. 10:10 – 13:10	Starfsdagur	Skólaslit kl. 13:00
3. bekkur	Skóladagur	Húsdýragarðurinn kl. 8:30 – 13:30	Útivist á Klambratúni kl. 10:10 – 13:10	Starfsdagur	Skólaslit kl. 12:00
4. bekkur	Skóladagur	Perla og Öskjuhlíð kl. 10:00 – 13:10	Útivist á Klambratúni kl. 10:10 – 13:10	Starfsdagur	Skólaslit kl. 11:00
5. bekkur	Skóladagur	Húsdýragarðurinn kl. 10:00 – 13:10	Útivist á Klambratúni kl. 10:10 – 13:10	Starfsdagur	Skólaslit kl. 10:30
6. bekkur	Skóladagur	Öskjuhlíð kl. 8:30 – 13:00	Útivist á Klambratúni kl. 10:10 – 13:10	Starfsdagur	Skólaslit kl. 10:00
7. bekkur	Skóladagur	Ferð innanbæjar kl. 8:30 – 12:00	Útivist á Klambratúni kl. 10:10 – 13:10	Starfsdagur	Skólaslit kl. 9:30
8. bekkur	Dagskrá nem.ráðs f. hád. Mæting 8:30	Nauthólsvík og grill kl. 10:00 – 12:30	Ferð til Stokkseyrar Mæting kl. 8:30	Starfsdagur	Skólaslit kl. 9:00
9. bekkur	Dagskrá nem.ráðs f. hád. Mæting 8:30	Nauthólsvík og grill kl. 10:00 – 12:30	Á ferðalagi sunnudag og mánudag	Starfsdagur	Skólaslit kl. 8:30
10. bekkur	Dagskrá nem.ráðs f. hád. Mæting 8:30	Nauthólsvík og grill kl. 10:00 – 12:30	Undirbúningur skólaslita. Mæting kl. 8:30	Starfsdagur	Útskrift kl. 17:00 Foreldrar sérstaklega boðnir velkomnir.

# Skóladagatal 2009 - 2010

Nafn skóla: **HÁTEIGSSKÓLI**

Samþykkt af menntaráði 27. maí.

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ				
1 L		1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M	1 M	1 F	Skirdagur	1 L	1 Þ	Próf 8. - 10.b.
2 S		2 M	2 F	2 M	2 M		2 L		2 Þ	Foreldravíðtöl	2 Þ	Föstudagurinn langi	2 S	2 M	Próf 8. - 10.b.
3 M	Fridagur verslunarmanna	3 F	3 L	3 Þ	3 F		3 S		3 M		3 M		3 L	3 M	3 F
4 Þ		4 F	4 S	4 M	4 F		4 M		4 F		4 F	4 S	Páskadagur	4 Þ	4 F
5 M		5 L	5 M	5 F	5 L		5 Þ		5 F		5 F	5 M	Annar í páskum	5 M	5 L
6 F		6 S	6 Þ	6 F	6 S		6 M	Prettándinn	6 L		6 L	6 Þ	Námskeið	6 F	6 S
7 F		7 M	7 M	7 L	7 M		7 S		7 S		7 S	7 M		7 F	Útivist
8 L		8 Þ	8 F	8 S	8 Þ		8 M		8 M		8 M	8 F		8 L	Vorhátíð
9 S		9 M	9 F	Starfsdagur	9 M	Próf 8. - 10.b.	9 L		9 Þ		9 Þ	9 F		9 S	Starfsdagur
10 M		10 F	10 L		10 F	Próf 8. - 10.b.	10 S		10 M		10 M	10 L		10 M	Skólaslit
11 Þ		11 F	11 S		11 F	Próf 8. - 10.b.	11 M		11 F		11 F	11 S		11 Þ	STUT
12 M		12 L	12 M		12 L	Próttahátíð yngsta st. / Próttahátíð miðstig	12 Þ		12 F		12 F	12 M		12 M	
13 F		13 S	13 Þ	Foreldravíðtöl	13 F		13 S		13 L		13 L	13 Þ		13 F	Uppstigningardagur
14 F		14 M	14 M		14 L	Próf 8. - 10.b.	14 F		14 S	Konudagur	14 S	14 M		14 F	STUT
15 L		15 Þ	15 F		15 S	Próf 8. - 10.b.	15 F		15 M	Bollud.	15 M	15 F		15 L	STUT
16 S		16 M	16 F		16 M	Próf 8. - 10.b.	16 L		16 Þ	Sprengid./Starfsd.	16 Þ	16 F		16 S	16 M
17 M	STUT	17 F	17 L		17 Þ	Jólaskemmtun	17 S		17 M	Öskudagur/Starfsd.	17 M	17 L		17 M	Lýðveldisdagurinn
18 Þ	STUT	18 F	18 S		18 M	Jólaskemmtun	18 M		18 F	Vetrarleyfi	18 F	18 S		18 Þ	18 F
19 M	STUT	19 L			19 F		19 Þ		19 F	Vetrarleyfi	19 F	19 M		19 M	19 L
20 F	STUT	20 S			20 F		20 M		20 L		20 L	20 Þ		20 F	20 S
21 F	STUT	21 M			21 L		21 F		21 S		21 S	21 M		21 F	21 M
22 L		22 Þ	Kynningartundir		22 S		22 Þ	Böndadagur	22 M		22 M	22 F	Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ
23 S		23 M	Kynningartundir	Vetrarleyfi	23 M	Porláksmessa	23 L		23 Þ		23 Þ	23 F	Umhverfisdagur	23 S	Hvítasunnudagur
24 M	Skólasetning	24 F	Kynningartundir		24 L	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M		24 M	24 F	Arshátíð ungl. / ípróttahátíð ungl.	24 L	Annar í hvítasunnu
25 Þ		25 F			25 S	Jóladagur	25 M	Starfsdagur	25 F		25 F	25 S		25 Þ	25 F
26 M		26 L		Vetrarleyfi	26 M	Annar í jölum	26 Þ		26 F		26 F	26 M		26 M	26 L
27 F		27 S		Vetrarleyfi	27 F		27 M		27 L		27 L	27 Þ		27 F	Próf 8. - 10.b.
28 F		28 M			28 L		28 M		28 S	Pálmasunnudagur	28 S	28 M	Pemadaðagur	28 F	Próf 8. - 10.b.
29 L		29 Þ			29 S	Afhending vitnisburðar			29 M		29 M	29 F	Pemadaðagur	29 L	29 Þ
30 S		30 M			30 M		30 L		30 Þ		30 Þ	30 F	Uppsæra pemadaða	30 S	30 M
31 M			31 L		31 F	Gamlársdagur	31 S				31 M	31 M		31 M	Próf 8. - 10.b.

Samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanevndar sveitarfélaga skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlýðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda (STUT) eru 8.

Skóladagar eru alls 180, 170 kennsludagar og 10 viðbótardagar sem nýttast þannig:

Skólasetning 24. ágúst, foreldravíðtöl 13. október, jólaskemmtanir 17. og 18. desember, foreldravíðtöl 2. febrúar, uppskerudagur 30. apríl, vorhátíð 8. maí, útivistardagar 7. og 8. júní og skólaslit 10. júní.

Starfsdagar eru fimm: 9. október, 25. janúar, 16. og 17. febrúar og 9. júní.